

PINGFLOKKUR SAMTAKA UM KVENNALISTA


Á fundi Þingflokks Kvennalistans þ. 22. júlí 1994 var eftirfarandi samþykkt gerð:

"Þingflokkur Kvennalistans lýsir yfir furðu sinni á yfirlýsingum utanríkisráðherra um aðild Íslands að Evrópusambandinu. Ummæli hans sem utanríkisráðherra í ríkisstjórn Íslands hljóta að veikja samningsstöðu okkar þegar að viðræðum kemur um tvíhliða viðskiptasamning Íslands og Evrópusambandsins. Ráðherra sem þannig brýtur í bága við samþykktir Alþingis er vanhæfur í starfi.

Atburðir síðustu daga eru enn ein sönnun þess að ríkisstjórnin er óstarfhæf og ætti að segja af sér.

Þingflokkurinn áréttar þá stefnu Kvennalistans að Íslandi beri að standa utan Evrópusambandsins. Jafnframt leggjum við áherslu á gott samstarf við aðrar þjóðir um leið og við viljum tryggja efnahagslegt og mënningarlegt sjálfstæði og fullveldi þjóðarinnar."

F. h. Þingflokks Kvennalistans.


Jóna Valgerður Kristjánsdóttir